

## Gamla prestsetrið á Sauðanes á Langanesi



*Prestsetrið á Sauðanesi. GLH 2005.*

Byggingarár: 1879–1881.

Hönnuðir: Sveinn múrsmiður og Björgólfur forsmiður Brynjólfssynir frá Skjöldólfsstöðum í Breiðdal, S.-Múl.<sup>i</sup>

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1989.<sup>ii</sup> Í umsjá .....

Prestssetrið er portbyggt steinhlaðið hús á kjallara 8,85 m að lengd og 7,59 m á breidd. Á húsinu er krossreist pappklætt þak og reykháfur á mæni fyrir miðju húsi. Við norðurgafli er bakdyraskúr, 3,35 m að lengd og 4,01 m á breidd, klæddur listapili og með pappalögðu skúrþaki. Veggir hússins eru hlaðnir úr steinlímdu gróft tilhöggnu grjóti og múrsléttadír og sökkulbrún er neðarlega á vegg. Óregluleg hleðsla er dregin í múrinn. Á kjallara eru tíu tveggja rúðu gluggar með miðpósti, bogadregnir að ofan; fjórir á hvorri hlið og tveir á suðurstafni. Sjö sex rúðu krosspóstagluggar, bogadregnir að ofan og með múrbrún yfir, eru á jarðhæð hússins; tveir á framhlið, einn á norðurstafni, þrír á austurhlið og einn á suðurstafni og að auki er falskur gluggi málaður á stafninn. Á hvorri gafllhyrnu eru tveir sex rúðu gluggar með miðpósti og efst hringgluggi með fjórum geislarúðum. Útidyr eru á miðri framhlið og fyrir þeim vængjahurðir með sneiddum spjöldum. Yfir hurðinni er bogagluggi með sjö geislarúðum og bogalögðu múrbrún yfir. Framundan dyrum eru steinhlaðnar tröppur. Tveir tveggja rúðu gluggar með miðpósti eru á austurgafli skúrs, einn á vesturhlið auk bakdyra.



Inn af útidyrum er forstofa og stigahús inn af við austurhlið, tvö herbergi eru við norðurgafli og stofa þvert yfir húsið við suðurgafli. Á efri hæð eru fjögur herbergi, að hluta undir súð, og kompa er þiljuð af norðvesturherbergi og er innangengt í hana úr suðvesturherbergi. Í risi er herbergi við hvorn gafli. Í bakdyraskúr er salerni og steinhlaðnar tröppur niður í kjallara. Forstofa

er í norðausturhorni og stigi upp á jarðæð, eldhús fyrir miðri austurhlið, kompa í suðausturhorni, stofa



*Prestsetrið á Sandanesi, stofa við suðurgöfl. GLH 2005.*

að vestanverðu og salerni og tæknirými í norðvesturhorni. Veggir á jarðhæð eru klæddir strikuðum panelbordum en suðurstofa er múrhúðuð. Loft eru panelklædd milli klæðdra bita. Á efri hæð eru flestir veggir panelklæddir en milliveggir eru enn fremur klæddir listuðum standþiljum og spjaldapili. Sperrur og bitar eru ýmist klædd eða ekki og á milli þeirra er ýmist klætt með sléttfelldum bordum eða strikuðum panelbordum. Norðurloft er klætt standþili og standþiljum og göfl klæddur reitugu spjaldapili en súðin klædd sléttum bordum mill sperra. Suðurloft er klætt panelbordum og súðin panelklædd milli sperra. Steinveggir í kjallara eru múrsléttaðir en milliveggir panelklæddir utan vegghluta í norðvesturhluta sem klæddur er listuðum standþiljum. Loft eru panelklædd milli bita. Skúrviðbygging er klædd listuðum sandþiljum og súð sléttfelldum bordum neðan á sperrur.



Sæðanes & Langnes  
 Höfðingjaskóli  
 Höfðingjaskóli  
 Örnvegur 1, 101 Reykjavík, tel. 572 1120  
 Tölvubúnaður: 3, 4 og 5. hæðir  
 Gæðingur: L. Höfðingjaskóli, 101 Reykjavík  
 Sæðnes & Langnes

*Sæðanes á Langanesi, grunnmynd og útlit. GLH.*

